

Greiðslufyrirkomulag

Farþegar greiða gjald fyrir akstursþjónustuna samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins þar sem þeir eiga lögheimili.

Greiðsluseðlar eru sendir út rafrænt. Þeir sem sérstaklega óska eftir að fá senda greiðsluseðla heim í pósti geta óskað eftir því með því að hringja í síma **540 2727** eða senda tölvupóst á netfangið **pontun@straeto.is**.

Persónuupplýsingar

Með því að sækja um akstursþjónustu Strætó bs. samþykkir notandi eða forsvarsmaður notanda að Strætó bs. fái afhentar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að veita þjónustuna og veittar eru viðkomandi sveitarfélagi í tengslum við umsóknina. Strætó bs. varðveitir einnig upplýsingar sem tengjast ferðum notenda.

Frekari upplýsingar má finna í skilmálum akstursþjónustunnar á **www.akstursthjonusta.is**.

Þjónustutími akstursþjónustunnar*

Mánudaga – föstudaga: kl. 6.30 – 01.00

Laugardaga: kl. 7.30 – 01.00

Sunnudaga: kl. 9.30 – 01.00

*Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

Opnunartími þjónustuvers

Mánudaga – föstudaga: kl. 07.00–19.00

Laugardaga og sunnudaga: kl. 09.00–14.00



Akstursþjónusta Strætó bs.



Heimasíða: www.akstursthjonusta.is

Þjónustusími: 540 2727

Netfang: pontun@straeto.is

www.akstursthjonusta.is

Akstursþjónusta Strætó bs.

Akstursþjónustan byggir á samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega akstursþjónustu sem Strætó bs. hefur tekið að sér að annast.

Hvert sveitarfélag samþykkir heimild hvers og eins farþega til að nota akstursþjónustuna, ákvarðar fjölda ferða og ákveður gjaldskrá fyrir þjónustuna.

Umsóknir eru afgreiddar í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Í Reykjavík er umsókn send til þjónustumiðstöðvar í því hverfi sem umsækjandi býr. Í Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ er umsóknin send til félagsþjónustu sveitarfélagsins þar sem umsækjandinn á lögheimili.

Panta og afpanta

- Á heimasíðunni, www.akstursthjonusta.is, er hægt að panta ferðir, hvort sem um ræðir stakar, fastar eða hópaferðir.
- Ferðir eru afpantaðar á vefsíðunni www.akstursthjonusta.is eða hjá þjónustuveri Strætó bs. í síma **540 2727**.
- Einnig má senda tölvupóst á pontun@straeto.is sem er hentugt fyrir flóknari pantanir eða ef pantað er fyrir marga daga í einu.
- Á **Mínum síðum** er hægt að afpanta ferðir með þægilegum hætti og sjá yfirlit yfir allar pantanir.
- Ef ferð er afpöntuð með styttri fyrirvara en tveimur klukkustundum þá telst ferðin með í uppgjöri.
- Hægt er að panta ferð með tveggja klukkustunda fyrirvara. Ef ferð á að hefjast fyrir kl. 9.30 að morgni þarf pöntun að hafa borist fyrir kl. 20.30 kvöldinu áður.

Hægt er að panta ferð **skv. mætingartíma**. Það á að koma í veg fyrir að farþegar mæti of seint. Farþegi þarf að vera tilbúinn 40 mínútum fyrir komutíma á áfangastað.

Frá einum stað til annars

Ferð er skilgreind sem akstur frá einum stað til annars, án viðkomu á fleiri stöðum og innan höfuðborgarsvæðisins.

Kort af þjónustusvæði akstursþjónustunnar má finna á heimasíðunni www.akstursthjonusta.is.

Reglur um framkvæmd akstursþjónustunnar:

- Akstur er frá anddyri til anddyris og miðast aðstoð bílstjóra akstursþjónustunnar við það.
- Farþegi þarf að vera tilbúinn í anddyri brottfararstaðar 5 mínútum fyrir og 10 mínútum eftir pantaðan tíma. Bíllinn bíður í 3 mínútum.
- Geti farþegi ekki ferðast einsamall að mati sveitarfélags, skal aðstoðarmaður fylgja honum.
- Ekki er beðið meðan farþegi sinnir erindi sínu.
- Farþega sem ekið er til lækis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu. Búast má við að það taki allt að 30 mínútur að fá bíl til baka. Farþegi þarf að vera tilbúinn frá því að ferð til baka er pöntuð.
- Börn undir 6 ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum eða forráðamönnum greiða ekki gjald.
- Miðað er við að ferðatími milli staða sé svipaður og hjá almenningsvögnum.
- Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.
- Meginreglan fyrir hluti sem mega fara í bílinn er sú að farþeginn þarf að geta boríð hlutinn einn síns liðs um borð og að hann valdi ekki öðrum farþegum óþægindum eða óhreinkei bílinn.

Mínar síður

Mínar síður er vefþjónusta fyrir einstaklinga sem hafa rétt á Akstursþjónustu Strætó. Vefþjónustan veitir farþegum greiðan aðgang að **upplýsingum um bókaðar ferðir** og gerir þeim mögulegt að **afbóka ferðir** með tveggja klukkustunda fyrirvara.

Hægt er að opna vefþjónustuna í flestum tölvum og farsímum, nettenging þarf að vera til staðar.

Skoda bókaðar ferðir

Þegar búið er að skrá sig inn birtast upplýsingar um ferðir dagsins. Einnig er hægt að smella á **Ferðir síðar** til að skoða bókaðar ferðir næstu daga. Allar ferðir sem koma fram á yfirlitinu eru annaðhvort með stöðuna **Pöntuð** eða **Afbókuð**.

Afpanta ferðir

Í vefþjónustunni er hægt að afpanta ferðir með **tveggja klukkustunda fyrirvara**. Það er gert með því að smella á græna hnappinn **Pöntuð**. Þá opnast viðvörunargluggi þar sem aðgerðin er samþykkt og ferðin afpöntuð.

Hvar er bíllinn?

Hægt er að smella á ferð til að fá **nánari upplýsingar** um ferðina. Þar birtast tímasetningar, brottfararstaður og áfangastaður ásamt götukorti. Mögulegt er að sjá **hvar bíllinn er staddur** 30 mínútum áður en hann kemur að sækja farþegann.

SMS þjónusta

Hægt er að óska eftir hjá þjónustuveri að fá sjálfvirka áminningu um bókaða ferð tveimur tímum fyrir brottför. Tímasetningar sem birtast er áætlaður tími sem getur breyst vegna umferðar eða annarra tafa sem kunna að koma upp.